

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/2064
komudagur 7.5.2010


Akureyri 6. maí 2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur tekið til umsagnar **frumvarp til laga um sameiningu Þjóðskrár og Fasteignaskrár Íslands, 508. mál**, sem er til umfjöllunar í allsherjarnefnd Alþingis. Stjórnin samþykkti eftirfarandi:

Stjórn Eyþings leggur áherslu á að 3. grein frumvarpsins verði breytt á þann veg að ein stjórn verði yfir allri starfsemi stofnunarinnar. Starfsemi Fasteignaskrárinnar á Akureyri er dæmi um einkar vel heppnaða dreifða starfsemi ríkisstofnunar. Stjórnin hvetur til að það verði fellt inn í frumvarpið og lögfest að hluti starfseminnar verði utan höfuðborgarsvæðisins. Að teknu tilliti til þessara ábendinga mælir stjórn Eyþings með samþykkt frumvarpsins og telur að það feli í sér hagræði fyrir sveitarfélögin.

f.h. stjórnar Eyþings


Pétur Þór Jónsson
framkvæmdastjóri